

From: Sigurbjörn Guðmundsson [sigurbjorn@centrum.is]
Sent: 29. janúar 2012 12:05
To: Nefndasvið umsagnir; Ögmundur Jónasson
Cc: Morgunblaðið - Fréttir; RUV - frettastofa utvarps
Subject: Frumvarp um breytingar á lögum um trúfélög

509.mál

Lífsskoðunarfélag er víðtækara hugtak en trúfélag. Öll trúfélög eru lífsskoðunarfélög. ASÍ er dæmi um samtök lífsskoðunarfélaga. ASÍ gæti þannig hvatt aðildarfélög sín til að gangast fyrir námskeiðum fyrir unglunga um verkalyðsmál og fleira og staðfest þáttöku þeirra í slíkum námskeiðum árið sem unglungarnir verða 14 ára og kallað athöfnina fermingu að fyrirmynd trúfélags sem nefnist Siðmennt. Eru stjórnmalafélög ekki líka lífsskoðunarfélög? Ég tel þannig að fyrirhugaðar breytingar á lögum um trúfélög varhugaverðar. Mér finnst tvennt koma til greina. Annars vegar verði orðinu "trúfélag" breytt í "lífsskoðunarfélag" þannig að öll félög sem falla undir heitið lífsskoðunarfélag geti öðlast hlutdeild í sóknargjöldum og frelsi frá fasteignagjöldum af félagsheimilum sínum með því að skrá sig sem lífsskoðunarfélag hjá Innanríkisráðuneytinu. Hins vegar verði löggin látin standa óbreytt og lífsskoðunarfélögum sem vilja krækja sér í sóknargjöld og frelsi frá fasteignagjöldum verði bent á að setja trúargrunn sinn, öðru nafni siðmenntargrunn eða lífsskoðunargrunn, niður á blað og senda inn til innanríkisráðuneytisins um leið og þau sækja um að verða skráð sem trúfélag.

Stígið varlega til jarðar háttvirtir alþingismenn og ráðherrar.

Kveðja.
Sigurbjörn Guðmundsson
Laugarnesvegi 87
105 Reykjavík
sigurbjorn@centrum.is
Símar: 568 5919 / 861 7259